

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 113

24. ágúst 2021

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans þriðjudaginn 24. ágúst 2021 kl. 8:30. Mættir: Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Hrefna B. Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Í fjarfundarbúnaði mætti Helgi Haukur Hauksson. Gestur fundarins var Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn.

2. Fundargerðir fyrri fundar borinn upp til samþykktar

Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt.

3. Árshlutauppgjör og útkomuspá

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB var gestur fundarins og fór yfir sex mánaða uppgjör skólans og útkomuspá með skólameistara. Umræður fóru fram um báða liði. Rætt var um stöðugildi og skipulag á utanumhaldi mannaúðs í MB m.t.t. skólaþróunar næstu misseri. Hér er vísað til tillagna starfshópsins sem skipaður var í tengslum við verkefnið „Menntun fyrir störf framtíðar“ Rætt um að kynna fyrirætlanir og kostnaðarliði fyrir Byggðaráði. Skólameistara og formanni stjórnar falið að óska eftir því að koma á fund Byggðaráðs með kynningu.

Vakin er athygli á nánari umfjöllun um tillögurnar á vef MB:

<https://menntaborg.is/frettir/skolathroun-i-mb/>

Ljóst er að breytingarnar, og innleiðingin mun kosta fjármagn og vinnu sem er einskiptiskostnaður. Þessi vinna hefur vakið jákvæða athygli út fyrir skólann.

Árshlutauppgjör og uppfærð fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar og samþykkt einróma.

4. Nemendagarðar

Skólameistari fór yfir stöðu mála er varðar leigu eða kaup á íbúðarrými í nágrenni skólans. Það olli vonbrigðum að ekkert varð úr kaupum né leigu á Borgarbraut 57-59. Rætt um aðrar leiðir er varðar nemendagarða fyrir skólann. Skólameistara falið að halda áfram að kanna möguleika á nemendagörðum til framtíðar fyrir MB í góðu samstarfi við fulltrúa Borgarbyggðar.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

5. Skólaakstur

Skólameistari upplýsti um stöðu mála er varðar skólaasktur. Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) var falið að kanna fýsileika skólaaksturs fyrir MB í samhengi við almenningssamgöngur á svæðinu. Fulltrúar SSV vinna að þessu verkefni í samvinnu við MB, Borgarbyggð, Vegagerðina og samgönguráðuneytið. Ákveðið hefur verið að sækja um styrk í byggðaáætlun til að standa straum að hluta kostnaðar.

6. Upphaf skólaárs

Skólameistari fór yfir stöðu mála almennt í upphafi nýs skólaárs, en 164 nemendur eru nú skráðir í nám við Menntaskóla Borgarfjarðar. Nemendum hefur fjölgað, hlutfallslega meira í fjarnámi. Á starfsbraut eru 6 nemendur sem er fjölgun frá fyrri árum.

Skólameistari kynnr starfshlutfall starfsfólks, valáfanga og almennt um daglegt starf MB í vetur.

7. Önnur mál

Rætt um iðnnám við MB. Skólameistara falið að hefja samtal við verknámsskóla um hugsanlegt samstarf og leiðir til að efla iðnnám á svæðinu.

Fleira var ekki gert og fundir slitið klukkan 10:10.